
Náms- og starfsráðgjöf FSu



Ársskýrsla
Skólaárið 2011-2012

Agnes Ósk Snorradóttir
Álfhildur Eiríksdóttir
Eyvindur Bjarnason

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Starfslið.....	3
Símenntun/ endurmenntun og fundir starfandi náms og starfsráðgjafa.....	3
Nýnemadagur og nýnemaviðtöl	4
Innritunarviðtöl við nemendur með íslensku sem annað móðurmál	4
Námskeið og áhugsviðskannanir	4
Kynningarstarf og heimsóknir.....	5
Iðnnámsdagur	5
Erlendir háskólar	5
Íslenskir háskólar	5
Kynningar í grunnskólum.....	6
Heimsóknir grunnskóla.....	6
Aðrar heimsóknir.....	6
Greiningalisti.....	7
Tilhlíðrun í prófum	8
Lestrarkönnun.....	8
Opin vottorð	9
Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu	9
Viðtöl.....	10
Ýmis verkefni sem ekki falla undir sérstakan lið	10
Umræður og lokaorð.....	11

Starfslið

Skólaárið 2011- 2012 störfuðu þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann. Agnes Ósk Snorradóttir var í 75% starfi til 15.október og fór þá í 100% starf, Álfhildur Eiríksdóttir í 100% starfi og Eyvindur Bjarnason í 25% starfi sem ráðgjafi.

Héðan í frá nær ársskýrsla náms-og starfsráðgjafar FSu frá 1. júní til 1. júní ár hvert. Ástæðan er sú að móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku fer fram í byrjun júní eftir að ársskýrslu er skilað.

Símenntun/ endurmenntun og fundir starfandi náms og starfsráðgjafa

Agnes, Álfhildur og Eyvindur fóru á foreldrafund á vegum foreldrafélags FSu í október.

Á Bolludag í febrúar heimsóttu náms-og starfsráðgjafar FSu, Grímu í Menntaskólanum að Laugarvatni og kynntu sér náms- og starfsráðgjöf í ML.

Agnes og Álfhildur fóru á námskeið í að túlka og leggja fyrir áhugakönnunina Í leit að starfi í október hjá Námsmatsstofnun.

Agnes og Eyvindur fóru í MK á fagráðsfund náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum

Agnes fór á ráðstefnu um Heilsueflandi framhaldsskóla sem haldin var í Reykjavík

Agnes kynnti verkefnið Skólinn í okkar höndum fyrir stjórn foreldrafélags FSu

Agnes hætti í forvarnarteyminu á haustönn og sem verkefnisstjóri Skólans í okkar höndum á vorönn.

Agnes kynnti FSu fyrir skjólstæðingum Birtu sem eru nemendur í FSu

Agnes fór á ráðstefnu um starfsmenntun í umhverfis- og landbúnaðargreinum á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis í nóvember og í framhaldinu á fund um starfsmenntun á Suðurlandi sem haldin var á Hótel Rangá. Auk Agnesar fóru Ægir Sigurðsson, Svanur Ingvarsson , Grímur Lúðvíksson ásamt fjórum nemendum úr FSu sem stunda starfsnám við skólann.

Agnes fór á námskeið á vegum Blátt áfram, um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og telst nú „Verndari barna“

Álfhildur útskrifaðist frá Háskóla Íslands með mastersgráðu í náms- og starfsráðgjöf í október 2011.

Náms- og starfsráðgjafar höfðu samráð að jafnaði einu sinni í viku á haustönn og aðra hverja viku á vorönn. Einnig funduðu náms- og starfsráðgjafar nokkrum sinnum með skólastjórnendum á skólaárinu.

Nýnemadagur og nýnemaviðtöl

Nýnemadagur fór fram 22. ágúst. Þar gafst náms- og starfsráðgjöfum kostur á því að kynna sig og sína þjónustu fyrir nýnemum. Á vorönn voru allir nýnemar í einu boðaðir á kynningu í salnum 11. janúar og mætti um þriðjungur þeirra.

Innritunarviðtöl við nemendur með íslensku sem annað móðurmál

Samkvæmt reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku eiga framhaldsskólar að vera með móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Sviðsstjórar unnu móttökuáætlun fyrir þennan nemendahóp. Í framhaldi af því mótuðu náms- og starfsráðgjafar verklagsreglur þ.e um hvaða nemendur var að ræða í umsækjendahópi, gátlista fyrir viðtal og hlutverk túlks. Í júní 2011 voru fjögur túlkaviðtöl vegna fimm nemenda en fjórir þeirra voru nýnemar. Fenginn var pólskur túlkur í þrjú viðtöl og tælenskur túlkur fyrir tvo nemendur í eitt viðtal. Einnig voru þrjú viðtöl við nemendur án túlks, eitt þeirra fór fram á ensku. Framkvæmdin var ekki einföld þar sem sumir þessara nemenda voru með okkar skóla sem varaskóla og því ekki ljóst hvort þeir kæmu eða ekki. Upphaflega var um 21 nemanda að ræða sem var farið yfir hvort þyrfti á þessari þjónustu að halda. Í ljós kom að um átta nemendur var að ræða sem boðið var í viðtal en sjö komu. Eftir þessi viðtöl fóru þær upplýsingar sem fram komu í viðtölunum til kennslustjóra í íslensku fyrir erlenda nema.

Námskeið og áhugasviðskannanir

Markmið okkar náms- og starfsráðgjafa hefur verið að bjóða upp á námskeið eða áhugasviðskannanir. Lagðar voru fyrir sjö Strong áhugasviðskannanir á skólaárinu í umsjón Álfhildar. Einnig lagði Álfhildur fyrir áhugasviðskönnunina Í leit að starfi fyrir einn nemanda.

Í byrjun vorannar voru námskeið annarinnar skipulögð. Þá voru kynnt 5 námskeið: Markmiðssetning og ólíkir námsstílar, Skipulag og tímastjórnun, Glósuaðferðir og

minnistækni, Þú sjálf(ur) sjálfstraust, sjálfsmýnd og sjálfsvirðing og próf og prófundirbúningur. Námskeiðin voru í umsjón Agnesar og voru haldin í Fundir/Félagslífsgatinu.

Kynningarstarf og heimsóknir

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan og á vegum skólans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Síðan eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Iðnnámsdagur

Á haustönn fengum við til okkar fulltrúa Iðunnar og Rafiðnarsambands Íslands til að kynna allt iðnnám á Íslandi (Iðnnámsdagurinn). Kynningin tókst vel og má geta þess að FSu er eini framhaldsskólinn sem býður upp á Iðnnámsdag af þessu tagi.

Erlendir háskólar:

Southern University of Denmark kynnti námsframboð sitt á vorönn.

Íslenskir háskólar

Þann 8. mars var haldið Háskóladag í samvinnu við Háskóladag sem haldinn er á hverju ári í Reykjavík. Annar háttur var hafður á en áður vegna þessa samstarfs, kynningin í FSu var auglýst á vegum Háskóladags á landsvísu og var mæting því mjög góð. Einnig fékk 4. bekkur ML heimboð á Háskólatorg í FSu og mætti frá þeim föngulegur hópur ásamt Grímu náms- og starfsráðgjafa ML.



Kynningar í grunnskólum

Agnes og Álfhildur fóru með kynningar í grunnskólana ásamt Björgvini E. Björgvinssyni og Ægi Sigurðssyni sviðsstjórum og Ester Ýr Jónsdóttur framhaldskólakennara. Þau fóru í Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri, Flóaskóla, Grunnskólann á Hellu, Grunnskólann í Bláskógabyggð, Grunnskólann í Hveragerði, Grunnskólann í Þorlákshöfn, Hvolskóla, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla, Oftast voru fulltrúar úr nemendaráði með í för.

Heimsóknir grunnskóla

Allir grunnskólar á Suðurlandi fengu heimboð í mars. Þessi leið er farin til þess að nemendur grunnskólana sjái hvernig skólinn lítur út á skólatíma. Flestir þáðu boðið þó ekki hafi allir komið í mars.

10. bekkir úr eftirfarandi grunnskólum komu í heimsókn:

Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, Flóaskóla, Grunnskólanum á Hellu, Grunnskólinn í Bláskógabyggð, Grunnskólanum í Hveragerði, Grunnskólanum í Vík, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Kirkjubæjarskóla, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla,



Á myndinni hér fyrir ofan má sjá hluta nemenda úr 10. bekk Grunnskólans í Hveragerði ásamt Álfhildi náms- og starfsráðgjafa og Guðríði náms- og starfsráðgjafa þeirra. Einnig var í nokkrum tilvikum um að ræða 9. bekkina sem komu að skoða skólann með 10. bekkingum.

Að auki tóku náms- og starfsráðgjafar á móti einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann og námsframboð hans.

Aðrar heimsóknir

Í tengslum við Háskóladag kom danska utanríkisráðuneytið og kynnti nám í Danmörku.

Þann 28. mars kom hópur náms- og starfsráðgjafa á vegum Akademia í heimsókn í FSu. Akademia er mannaskiptaverkefni liðlega 20 landa sem fjármagnað er með styrkjum frá



Leonardó da Vinci áætlun Evrópusambandsins. Markmiðið er að auðvelda náms- og starfsráðgjöfum að fara í stuttar námsferðir til annarra Evrópulanda til að fræðast þar um skipulagningu menntakerfis eða fyrirkomulag á vinnumarkaði. Heimsóknirnar eru skipulagðar þannig að hvert þátttökuland skipuleggur námskeið sem að öllu jöfnu stendur yfir í viku til tíu daga. Þar er gefið yfirlit yfir samfélag og opinbert kerfi viðkomandi lands og farið er í heimsóknir til stofnana og fyrirtækja þar sem ráðgjafar starfa. Einnig eru oft tekin fyrir ákveðin þemu sem eru mikilvæg í faglegri umræðu um ráðgjöf. Gestirnir sem komu í FSu voru 12

talsins frá 7 löndum ásamt Dóru Stefánsdóttir verkefnisstjóra Euroguidance á Íslandi. Agnes og Álfhildur, náms- og starfsráðgjafar tóku á móti hópnum og kynntu honum FSu og starf náms- og starfsráðgjafa í skólanum. Í lokin var skólinn skoðaður og snæddur hádegismatur á Bollastöðum.

Á myndinni sést hópurinn ásamt þeim Agnesi og Álfhildi.

Greiningalisti

Nemendur með greiningu voru 211 á haustönn en 226 á vorönn. Ekki er eingöngu um fólk með námsörðugleika að ræða heldur einnig nemendur sem mikilvægt er að hafa yfirlit yfir s.s. nemendur með bráðaofnæmi og fleira, en sá hópur er samt sem áður ekki stór.

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það hjá sér og sendir svo upplýsingar til kennara viðkomandi og síðan í upphafi hveðrar annar eftir það meðan nemandi er í skólanum. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn ef við á, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf.

Nemendur með greiningu sem sækja um lengri próftíma fá allir skírteini þar um sem þeir nota allan sinn námsferil í FSu. Því er erfiðara að hafa yfirsýn hverjir nýta sér lengri próftíma á hverjum tíma. Þetta kerfi er hins vegar mun skilvirkara fyrir nemendur sem þurfa ekki að sækja um þetta á hverri önn heldur bara í eitt skipti

Tilhliðrun í prófum

Á haustönn var sótt um sérstakar prófaðstæður í 140 prófum en á vorönn í 124 prófum

	Haust 2011	Vor 2012
Fámenni	73	79
Hljóðskrá	25	24
Með aðstoð og/eða tölvu	6	8
Stækkað letur	23	6
Litaður pappír	13	7
Annað		
Samtals	140	124

Tölurnar í töflunni geta skarast þar sem sama prófið getur verið til dæmis í fámenni og með stækkað letur og á hljóðskrá. Nemendur sóttu um sérstakar prófastæður ýmist í öllum þeim greinum sem þeir þreyttu lokapróf eða einhverjum hluta þeirra allt eftir gerð prófa og aðstæðum hvers nemanda fyrir sig. Nemendur með prófkvíða og nemendur í sérstökum aðstæðum geta einnig sótt um lengri prófatíma og aðrar tilhliðranir í prófum eins og þarf. Um er að ræða fáa nemendur á hverju skólaári.

Einnig senda náms- og starfsráðgjafar vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum.

Lestrarkönnun

Náms- og starfsráðgjöf hefur yfirumsjón með og vinnur úr lestrarkönnun. Íslenskukennarar leggja hana fyrir í upphafi haustannar í öllum byrjunaráföngum í íslensku. Niðurstöður hennar eru síðan sendar til Harðar Ásgeirssonar og Önnu Þóru Einarsdóttur sérkennara og fer ákveðinn hluti nemenda í greiningarviðtöl. Flestir þeirra fá greiningu um leshömlur af einhverju tagi. Á skólaárinu voru þetta 24 nemendur, 12 hvora önn sem fengu slíka greiningu.

Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar.

Fyrirkomulagið er þannig að nemendur skila inn opnu vottorði og hringja svo í veikindasímann þegar þeir geta ekki mætt vegna veikinda sinna eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára og veikindi þá skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu og senda póst á alla kennara um leið og opið vottorð berst.

Á haustönn voru 37 nemendur með opin vottorð. Enginn hætti í skólanum en 3 nemendur luku engum einingum ýmist vegna þess að þeir féllu eða hættu í einstökum áföngum. Þessir nemendur byrjuðu í 592 einingum en luku 408 (68,9%). Þeir féllu í 151 einingum (25,5 %) og hættu í 33 einingum (5,6 %). Sjö nemendur luku öllu sínu og tveir nemendur til viðbótar luku öllu sínu nema því sem þau hættu í. Fjórir brautskráðust í desember, tveir stúdentar og tveir af styttri brautum. Miðað við síðastliðnar annir (frá 2007) er þetta í fyrsta skipti sem enginn hættir á önninni og þetta er líka hæsta hlutfall náðra eininga á sama tímabili. Þessir nemendur byrjuðu þó í örlítið færri einingum að meðaltali (16) í stað þess að meðaltalið hefur yfirleitt verið 17-18 einingar.

42 nemendur voru með opið vottorð á vorönn, litlu fleiri en á haustönn. Þeir byrjuðu í 696 einingum, luku 410 (58,9 %), féllu í 160 (22,9%) og hættu í 126 (18,1%). Fjórir hættu í skólanum á önninni og tveir féllu í öllu sínu. Níu klára allar sínar einingar og tveir í viðbót allt nema það sem þeir hættu í. (21,4 % eða 26,2 %). Sjö útskrifast (sex stúdentar og einn af styttri braut) eða (16,7 %). Þeir fjórir sem hættu í skólanum eiga 58 % hættíafanga eininga og séu þeir teknir frá þá náðu nemendur 65,8 % sinna eininga sem er svipað hlutfall og síðastliðin ár.

Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu

Fjölbrautaskóli Suðurlands borgar allt að þrjú viðtöl fyrir nemendur sem náms- og starfsráðgjafar vísa til sálfræðings. Á haustönn sóttu 11 nemendur skólans sálfræðiviðtöl utan skólans, samtals 24 sinnum. Á vorönn fóru 9 nemendur í 19 viðtöl.

Einnig hafa náms- og starfsráðgjafar átt í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga:

ART á Suðurlandi
Barnahús
Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans (BUGL)
Birta starfsendurhæfing
Félagsmálayfirvöld
Fósturheimili á vegum félagsmálayfirvalda
Geðlæknar
Heilsugæslan/Unglingamóttakan á HSu
Lögreglan
Sjálfstætt starfandi sálfræðingar
Vinnuálastofnun

Viðtöl

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Fjöldatölur standa þó einungis fyrir fjöldanum, ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur.

Ýmis verkefni sem ekki falla undir sérstakan lið

Náms- og starfsráðgjöfin flutti sig alfarið upp á þriðju hæð og hefur núna aðstöðu bæði í stofu 309 og 311. Upplýsingahornið er líka komið upp á þriðju hæð og er staðsett á milli skrifstofanna. Þar eru upplýsingar um allt háskólanám sem í boði er á Íslandi og að auki sýnishorn af erlendum skólum.

Náms- og starfsráðgjafar héldu áfram að uppfæra heimasíðu deildarinnar.

Hringdu í alla nemendur sem féllu í þremur eða fleiri áföngum bæði á haustönn og vorönn.

Aðstoða og koma að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla gegnum menntagátt bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist

Náms- og starfsráðgjafar eru milligöngumenn nemenda með greiningu vegna hljóðbóka sem þeir eiga rétt á að fá frá Blindrabókasafninu

Álfhildur og Eyvindur sáu um að leggja fyrir stöðupróf í ýmsum erlendum tungumálum í september sem haldin eru ár hvert á vegum Menntaskólans í Hamrahlíð.

Álfhildur tók þátt í að endurskoða Jafnréttisáætlun skólans ásamt Þórarni Ingólfssyni aðstoðarskólameistara og Ragnheiði Eiríksdóttur framhaldsskólakennara

Í tilefni af 30 ára afmæli skólans settu náms- og starfsráðgjafar upp veggspjöld með sögu náms- og starfsráðgjafar og upplýsingum um starf okkar. Einnig var önnur skrifstofan opin hluta af afmælisdeginum.

Umræður og lokaorð

Í ársskýrslum er við hæfi að líta yfir farinn veg. Hvað gekk vel og hvað gekk ekki eins vel?

Við erum stolt af nýnemadeginum okkar og því hvað Háskóladagurinn er að eflast ár frá ári. Einnig erum við ánægð með Iðnnámsdaginn okkar sem er einstakur í framhaldsskólum á Íslandi. Við höfum hug á því að efla hann og þróa og höfum sett okkur í samband við Mennta- og menningarmálaráðuneytið til þess að stuðla að því. Stefna í menntamálum á Íslandi er sú að leggja meiri áherslu á starfsnám en verið hefur til mótvægis við bóknám. Í reynd er umfang markaðssetningar milli háskóla- og iðnnáms mjög ólíkt. Við vitum af reynslunni að nemendur á framhaldsskólaaldri hafa mikla þörf fyrir að hafa eitthvað í hendi en mikill skortur er á sjónrænum og efnislegum upplýsingum um starfsnám.

Með auknu starfshlutfalli í náms- og starfsráðgjöf sem kom til í október og þeirri breytingu að Agnes Ósk hætti sem verkefnisstjóri Skólinn í okkar höndum sköpuðust tækifæri til að sinna málaflokkum sem hafa setið á hakanum.

Við veltum fyrir okkur stöðu nemenda með námsörðugleika í símatsáföngum því þegar um áfanga með lokaprófi er að ræða er réttur þeirra skýr en í símatsáföngum ekki. Skólinn þarf að móta vinnureglur í þeim tilvikum til að allir þessir nemendur fái sömu þjónustu í einstökum áföngum.

Með móttökuáætlun fyrir nýnema með annað móðurmál en íslensku komum við náms- og starfsráðgjafar meira beint að málefnum þessa nemendahóps en áður hefur verið. Einnig fylgdi með aukið samstarf við umsjónarmenn íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Við höfum einnig fundið að eldri erlendir nemar komu í auknum mæli til okkar á þessu skólaári en verið hefur. Við fögnum auknum tengslum við þennan brothætta nemendahóp.

Agnes fór með kynningu á skólanum til fólks á vegum Birtu starfsendurhæfingar þegar að innritun kom fyrir vorönn. Í framhaldinu varð sú nýbreytni á samstarfi við Birtu

starfsendurhæfingu að nemendur þaðan sem koma hingað eru með umsjónarmann sem í leiðinni er tengiliður inn í skólann. Líkt og með nemendur með annað móðurmál en íslensku eykur þetta líkur á að þeim gangi betur í námi.

Mikil aukning varð á teymisvinnu af öllu tagi vegna nemenda með námserfiðleika og/eða félagslegra erfiðleika. Þessari vinnu fylgja margir fundir og mikil samskipti við einstök heimili og fleiri aðila. Einnig var um að ræða marga fundi vegna nemenda sem eru ekki í teymi og voru jafnvel ekki lengur í skólanum.

Með nýrri reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum leggjum við áherslu á að hún verði kynnt fyrir starfsfólki ásamt því að unnið verði að því hvernig hún verður útfærð fyrir þennan skóla.

Við erum mjög ánægð með starfsaðstöðuna okkar og nýja staðsetningu á þriðju hæð skólans. Hinsvegar með auknu starfshlutfalli er nauðsynlegt að fara að huga að þriðju skrifstofunni svo kraftar okkar nýtist sem best.

Að lokum viljum við þakka stjórnendum gott samstarf og sérstaklega Örlygi Karlssyni fyrir gott samstarf gegnum árin þar sem hann er að láta af störfum í lok þessa skólaárs.